

Reglur um Rannsóknasjóð Háskólans á Akureyri

Samþykktar í háskólaráði þann 24. júní 2009

1. Rannsóknasjóður Háskólans á Akureyri hefur það hlutverk að efla rannsóknir og vísindastörf á vegum háskólans. Fé sjóðsins kemur af fjárveitingum á fjárlögum samkvæmt ákvörðun háskólaráðs. Háskólaráð getur kveðið sérstaklega á um aðrar leiðir til fjáröflunar og tekið við fjárframlögum einstaklinga, stofnana og fyrirtækja í sjóðinn. Stjórn sjóðsins er óheimilt að veita viðtöku framlögum eða gjöfum í sjóðinn sem bundin eru skilyrðum, nema að fengnu samþykki háskólaráðs.
2. Í stjórn sjóðsins sitja fimm manns, skipaðir af háskólaráði til allt að þriggja ára í senn. Heimilt er að endurskipa stjórnina að nokkru eða öllu leyti. Háskólaráð skipar formann úr hópi stjórnarmanna.
3. Stjórnin auglýsir eftir umsóknum um styrki úr sjóðnum og ákveður umsóknarfrest.
4. Stjórnin hefur umsjón með fjárreiðum sjóðsins í umboði háskólaráðs og úthlutar úr sjóðnum. Stjórninni er heimilt að setja sér vinnureglur um úthlutun og skulu þær staðfestar af háskólaráði. Háskólinn lætur sjóðnum í té vinnu stjórnsýslu rannsókna. Reikningshald vegna sjóðsins er í höndum stjórnsýslu rannsókna og framkvæmdastjóra háskólans.
5. Stjórn sjóðsins gerir háskólaráði skriflega grein fyrir störfum einu sinni á ári.
6. Ráðnir kennarar, sérfræðingar og stundakennarar Háskólans á Akureyri geta sótt um fé úr sjóðnum vegna vinnu að ákveðnum verkefnum og til greiðslu annars kostnaðar við rannsóknir. Í þessu sambandi er átt við stundakennara sem sinna kennslu sem nemur hálfri kennsluskyldu lektors eða meiru við háskólann og geta stundað rannsóknir á vegum háskólans. Sérfræðingar skulu hafa rannsóknir að aðalstarfi eða vera á launum af föstum fjárveitingum til Háskólans á Akureyri. Styrkhæfir eru einnig sérfræðingar stofnana/fyrirtækja sem gert hafa sérstakan samning við Háskólann á Akureyri um aðgang að Rannsóknasjóðnum.
7. Við mat á umsóknum um styrki til verkefna skal fyrst og fremst fara eftir vísindagildi verkefnanna. Ennfremur skal höfð hliðsjón af rannsóknavirkni umsækjenda og rannsóknahagsmunum háskólans á Akureyri. Sjóðurinn veitir einnig forstyrki til undirbúnings umsókna í samkeppnissjóði. Stjórn sjóðsins skal sjá til þess að hæfir menn gefi faglega umsögn um allar umsóknir styrkhæfra umsækjenda og getur í því sambandi leitað til utanaðkomandi aðila. Styrkþegi skal birta niðurstöður sínar í nafni háskólans á Akureyri.
8. Sæki stjórnarmaður um styrk úr sjóðnum skal hann víkja úr stjórninni við þá úthlutun og skipar háskólaráð þá varamann. Á sama hátt víkur starfsmaður stjórnsýslu rannsókna úr umsýslu með umsóknir ef hann á sjálfur aðild að umsókn.